



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Umsókn Hjallastefnunnar ehf, dags. 29. október 2019 um aðilaskipti á samningum um framlag vegna reykvískra barna í leikskólum fyrirtækisins í Reykjavík.	Erindinu svarað með bréfi dags. 30. júní 2020. Það er mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé unnt að verða við beiðni um aðilaskipti á samningi um framlag vegna reykvískra barna í leikskólum fyrirtækisins þar sem gera verði þá kröfur að gerður sé samningur við þann aðila sem er með rekstrarleyfi leikskóla.
Mennta- og menningarmálaráðuneytið óskaði eftir umsögn um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi, dags. þann 29. júní 2020.	Skóla- og frístundasvið skilaði umsögn til mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 10. ágúst 2020.
Ráðning skólastjóra í Selásskóla	Rósa Harðardóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Selásskóla
Ráðning skólastjóra í Hvassaleitisskóla	Dagný Kristinsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Hvassaleitisskóla
Ráðning skólastjóra í Fellaskóla	Helgi Gíslason hefur verið ráðinn skólastjóri í Fellaskóla
Ráðning skólastjóra í Hlíðaskóla	Berglind Stefánsdóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Hlíðaskóla
Ráðning skólastjóra í Klettaskóla	Arnheiður Helgadóttir hefur verið ráðin skólastjóri í Klettaskóla



Hjallastefnan ehf.

Vífilstaðavegi 123

210 Garðabær

Efni: Umsókn Hjallastefnunnar ehf um aðilaskipti á samningum um framlag vegna reykvískra barna í leikskólum fyrirtækisins í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn, Hjallastefnunnar, dags. 29. október 2019, um gerð verði aðilaskipti á samningum Hjallastefnunnar ehf, kt. 540599-2099, um rekstur leikskólanna Öskju og Laufásborgar. Hjallastefnan leikskólar ehf, kt. 550119-0130 yfirtaki samningsskyldur.

Um er að ræða samninga skóla- og frístundasviðs við Hjallastefnuna ehf um framlag vegna vistunar reykvískra barna í leikskólanum Öskju, annars vegar vegna vistunar barna á aldrinum 12 mánaða til 18 mánaða, dags. 4. apríl 2019 og hinsvegar vegna barna á aldrinum 18 mánaða aldri til sex ára, dags. 4. apríl 2019. Báðir samningarnir tóku gildi þann 1. janúar 2019 og gilda til þriggja ára. Síðast var gefið út rekstrarleyfi vegna Öskju þann 11. desember 2018.

Jafnframt hefur skóla- og frístundasvið gert samning við Hjallastefnuna ehf um framlag vegna vistunar reykvískra barna frá 18 mánaða aldri til sex ára í Laufásborg, dags. 4. apríl 2018. Samningurinn tók gildi 1. október 2018 og gildir til þriggja ára. Rekstarleyfi vegna Laufásborgar tók gildi 1. september 2013.

Í 9. gr. framangreindra samninga kemur fram að leikskólanum sé óheimilt að framselja samninginn eða réttindi samkvæmt honum.

Það er forsenda samnings um framlag að gefið hafi verið út rekstrarleyfi til samningsaðilans en um það gilda reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla. Þar kemur fram að skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar geti veitt veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og / eða reka leikskóla í Reykjavík. Um slíka leikskóla gilda ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir því sem við á.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að ekki sé unnt að verða við beiðni um aðilaskipti á samningi um framlag vegna reykvískra barna í leikskólum fyrirtækisins þar sem gera verði þá kröfu að gerður sé samningur við þann aðila sem er með rekstrarleyfi leikskóla.

Afgreiðsla þessi verður lögð fram til kynningar á næsta reglulega fundi skóla- og frístundaráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi

Vísað er til tilkynningar í Samráðsgátt, dags. 29. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Hugtakið skólaskylda

Skóla- og frístundasvið tekur undir það sem fram kemur í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. júlí 2020, um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi, hvað varðar hugtakið skólaskylda og mögulegri þörf á að skilgreina hugtakið skólaskylda með skýrum hætti þannig að börn teljist ekki undanþegin skólaskylda þegar þau njóta heimakennslu eða stunda fjarnám.

Skipulag við veitingu leyfis til heimakennslu

Tekið er undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga um að skipulag við veitingu leyfis til heimakennslu virðist ekki vera skýrt samkvæmt grunnskólalögunum.

Samkvæmt 2. mgr. 46. gr. grunnskólalaga skal foreldri sem óskar eftir leyfi til heimakennslu sækja um slíka heimild til „síns sveitarfélags“. Í kjölfarið segir „skólastjóri getur veitt undanþágu að höfðu samráði við skólanefnd og skólaþjónustu.“ Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. grunnskólalaga er „ákvörðun sveitarstjórnar skv. 2. mgr.“ kæránleg til ráðuneytisins. Reglugerðardrögin gera ráð fyrir að foreldrar sækji um til sveitarstjórnar sbr. 3. gr. og að sveitarstjórn taki ákvörðun um leyfi til heimakennslu sbr. 4. gr.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að ef breyting verður gerð í þá veru sem reglugerðardrög gera ráð fyrir sé rétt að ákvörðun um heimakennslu verði tekin af sveitarfélaginu, þá ekki síst með það í huga að aðeins einn skóli í sveitarfélaginu sinni nemendum í heimakennslu.

Þá er það jafnframt mat skóla- og frístundasviðs að rétt sé að taka fyrirkomulagið í heild til ítarlegri skoðunar með tilliti til þess hvort rétt sé að Menntamálastofnun beri alfarið ábyrgð á fyrirkomulagi heimakennslu hvort sem um er að ræða samþykktarferli, úttektir, eftirliti og fl.

Umsögn skólanefndar

Í 7. gr. reglugerðardraganna kemur fram að áður en ákvörðun um veitingu heimildar til heimakennslu er tekin, skuli skólanefnd og skólaþjónusta sveitarfélags veita umsögn sína um mat á aðstæðum, stöðu nemenda og starfs- og kennsluáætlun heimakennslu. Þá kemur fram að skólanefnd og skólaþjónusta geti lagt til með rökstuðningi að heimild sé veitt eða ekki.

Það er mat skóla- og frístundasviðs að tilefni sé til að taka til skoðunar aðkomu skólanefnda að umsóknum foreldra um heimakennslu.

Nemendur

Í reglugerðardrögunum er að finna þau nýmæli að barn í heimakennslu eigi rétt á að sækja frístundaheimili, sbr. c lið 13. gr. reglugerðardraga. Tekur skóla- og frístundasvið undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. júlí 2020, um að þetta geti orðið flókið í framkvæmd.

Það sama gildir um skyldur sveitarfélaga til að tryggja aðgengi að aðstöðu til skólaíþróttar, þ.m.t. sunds og aðstöðu til að stunda nám í verklegum greinum, sbr. d lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðardraga.

Eftirlit

Samkvæmt 15. gr. reglugerðardraga skal heimakennslufulltrúi í samráði við foreldra skila skýrslu um framkvæmd og skipulag kennslu tvisvar á ári. Núgildandi reglugerð gerir ráð fyrir að skýrsluskil séu í janúar og júní, þ.e. eftir hvora önn, en samkvæmt reglugerðardrögunum er gert ráð fyrir að þau séu í maí eða desember. Tekið er undir fram kominn sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga um að erfitt getur verið að klára skýrslu um stöðu og framgang nemenda ef námsmat er ekki fullfrágengið.

Að lokum

Með vísan til framangreinds og athugasemda fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar, dags. 7. ágúst 2020, við reglugerðardrögin er lagt til að málið verði rýnt frekar og setningu nýrrar reglugerðar frestað.

Þá er á það bent að í fyrirbyggjandi reglugerðardrögum eru auknar kvaðir lagðar á sveitarfélögin án þess þó að áhrif breytinganna hafi verið metin hvort heldur sem er út frá fjárhagslegum hættum eða öðrum.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs